

Tannréttingar fyrir alla



allan
mringinn! Brosu
um

Forsíðumynd:

Mæðgurnar Gabriela Jóna Ólafsdóttir nemi
og Herdís Anna Þorvaldsdóttir MBA

Baksíðumynd:

Þrjár kynslóðir í tannréttingum
Árný Guðjohnsen ritari,
Ragný Guðjohnsen lögfræðingur,
Jón Magnús og Margrét.



Jóhanna Vala Jónsdóttir,
ungfrú Ísland 2007

Tannréttingar fullorðinna - Brosum allan hringinn!

Öll þekkjum við tannréttingar barna og unglinga. Við sem vinnum við að rétta tennur þessa unga fólks sjáum hvernig það fyllist auknu sjálfstrausti við að fá beinar tennur og fallett bros. Tannréttingar hafa góð áhrif, þær veita fólki vellíðan og aukin lífsgæði.

Brosum
allan
hringinn!





Andlitið og tennurnar

Tennurnar eru stór hluti af andlitsmynd okkar og brosi. Það kemur ekki á óvart að margir foreldrar, sem eru með börn sín í meðferð á stofu okkar, spyrja um tannréttingar fyrir sig sjálfa þegar þeir sjá hvað þær breyta andlitssvip barnanna og brosi þeirra.

Margir fóru á mis við tannréttingar á unga aldri og langar að bæta sér það upp. Stundum hefur gníst tanna valdið tannskemmdum og tannskekkingu ágerst, sem veldur því að fullorðnir eiga á hættu að missa tennur sínar sé ekkert að gert. Flestir leita til okkar af því að þeir vilja fallelgra bros. Andlitið skiptir okkur öll máli og það er staðreynd að þeir sem eru sáttir við útlit sitt búa yfir meira sjálfstrausti og ná jafnvel lengra á framabrautinni. Finnist einhverjum að betri tannstaða geti bætt útlitið og aukið sjálfstraust, eru tannréttingar kostur sem fólk ætti að hugleiða.

allan hringinn! Brosu



Yrsa Sigurðardóttir,
rithöfundur og verkfræðingur

Tannréttingar fullorðinna - eru þær erfiðari en hjá börnum? Taka þær lengri tíma?

Í eðli sínu eru tannréttingar fullorðinna eins og hjá börnum. Hefðbundin tannrétting tekur yfirleitt um þrjú ár. Meðferðartíminn fer töluvert eftir því hve heilbriggt umhverfi tannanna er. Þurfi að gera við tennur eða bæta tap á tönnum, má gera ráð fyrir að meðferðin taki lengri tíma. Samvinna fleiri tannlækna þarf þá að koma til.





Margrét Sverrisdóttir,
varaborgarfulltrúi

Fylgir tannréttingum mikill sársauki?

Þegar teinarnir eru settir upp má búast við töluverðum eymslum í 3–5 daga, sem fjara þó alveg út á u.þ.b. tveimur vikum. Eftir hverja heimsókn má einnig búast við eymslum í 2–4 daga. Þess utan er lítið um óþægindi.



Brosum
allan
hringinn!



Jón Gunnsteinn Hjálmarsson,
endurskoðandi

Hversu mikið sjást teinarnir?

Nú orðið er fjölmargt fullorðið fólk með teina og telst það ekki tiltökumál. Teinar eru þó ekki beinlínis fegrandi og margir vilja að sem minnst beri á þeim. Til þess að koma til móts við óskir viðskiptavina bjóðum við upp á venjulega stálteina, gyllta teina og hvíta teina. Enn fremur bjóðum við upp á teina sem sjást ekki, þar sem þeir eru á tönnunum innanverðum.





Teinameðferð að innanverðu

Við vorum ein af þeim fyrstu hér á landi sem buðum teinameðferð á tönnunum innanverðum. Slikir teinar eru mun flóknari og tímafrekari í notkun og má gera ráð fyrir að kostnaður við þá sé tvöfalt meiri en við venjubundna meðferð. Heildarmeðferðartími þarf þó ekki að vera miklu lengri en reglubundnar heimsóknir eru tímafrekari og í því felst verðmunurinn.

Eru tannréttingar fullorðinna dýrari en barna?

Taxti stofunnar er hinn sami fyrir fullorðna og börn. Eins og segir hér að framan, er ekki grundvallarmunur á tannréttingum fullorðinna og barna. Fullorðnir eru þó oftast með mikið viðgerðar tennur og/eða krónur yfir tönnum sem þarf gjarnan að lagfæra til þess að fullkominn árangur náist. Þetta getur flækt tannréttinguna og aukið kostnað. Við metum slíkan kostnað í upphafi, eins og hægt er.



Brosu
allan
hrínglinn!



Bjarni Bærings,
lyfjafræðingur

Hvernig hefst meðferðin?

Í fyrsta tíma fer eingöngu fram skoðun. Gerð er lausleg áætlun um kostnað við meðferðina. Einnig er reynt að sýna ljósmyndir af fyrirverandi viðskiptavinum sem höfðu svipaða tannskekkju og hvernig útkoman varð eftir meðferð þeirra.

Í næsta tíma eru tekin gögn, afsteypur af tönnum, röntgenmyndir og ljósmyndir. Gögnin eru notuð til að ákveða endanlega meðferðaráætlun. Nokkrum vikum síðar er áætlunin útskýrð í sérstökum viðtalstíma. Að því loknu er gefinn tími í uppsetningu þeirra tannréttingatækja sem eiga við og þar með er meðferðin hafin. Gera má ráð fyrir að það taki u.þ.b. 2–3 mánuði að undirbúa upphaf meðferðar.



Hversu langt líður á milli heimsókna?

Eftir að meðferð hefst eru u.þ.b. 5–6 vikur á milli heimsókna. Á síðustu sex mánuðum meðferðarinnar eru heimsóknir á þriggja vikna fresti. Í heild eru heimsóknir um 40 á meðferðartímanum.

Tannréttingar eru kostnaðarsamar - Er boðið upp á greiðslukjör?

Við bjóðum upp á greiðsludreifingu án vaxta ef greitt er jafnt og þétt yfir meðferðartímann. Auk þess sem boðið er upp á hefðbundin VISA- og Mastercard- lánaðkjör. Fjölskylduafsláttur er fyrir þá sem hafa verið með börn í meðferð hjá okkur.



Brósum
allan hringinn!



Hekla Sól Hafsteinsdóttir

Eru tannréttingar varanleg meðferð?

Margir spyrja hvort tennurnar skekkist á ný eftir að teinarnir eru fjarlægðir. Við segjum: Við sættum okkur ekki við afturför! Til þess að forðast slíkt og styðja við tennurnar á meðan þær eru að jafna sig eftir réttinguna, er varið miklum tíma í undirbúning á stofu okkar síðustu 6–9 mánuðina áður en teinarnir eru fjarlægðir. Vandaður lokafrágangur á biti, ásamt föstum stoðtækjum á bakhlið tanna, er nauðsynlegur til þess að bit skekkist ekki og bit raskist. Ekki nægir að bjóða eingöngu laus stoðtæki eftir tannréttingu.

Frágangur eins og hér er lýst tryggir góðan langtíma-árangur – og ætti að duga ævilangt.

Skoðið vefsíðu okkar, www.teinar.is, en þar er sitt-
hvað að finna um tannréttingar og stofuna okkar.
Einnig má senda fyrirspurnir á teinar@teinar.is



Hér í bæklingnum má sjá myndir af nokkrum ánægðum
viðskiptavinum. Eins og sést er aldur fólks ekki megin-
atriði þegar kemur að tannréttingum – þrjár kynslóðir
innan sömu fjölskyldu sem hafa nýtt sér þjónustu okkar!
Slíkt segir meira en mörg orð.



GÍSLI VILHJÁLMSSON

TANNLÆKNIR, SÉRGREIN: TANNRÉTTINGAR
LAUGAVEGI 163 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI: 562 9944 • FAX: 562 9945